

PCC Bakki Silicon hf.  
Bakkavegur 2  
640 Húsavík

Reykjavík, 28.11.2024  
UST202401-425/S.M.  
08.06.02

## Reglubundið eftirlit í PCC á Bakka ID 209

Þann 23. október 2024 fór fram reglubundið seinna eftirlit ársins í PCC á Bakka. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Opin eru eldri frávik er varða:

1. Gr. 2.4 í starfsleyfi. Umgengni á lóð er verulega ábótavant en þar ægir saman framleiðsluúrgangi, ýmiskonar byggingaúrgangi, raflögnum, tunnum og annarskonar blönduðum úrgangi. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila er vinna í fullum gangi við að ganga frá svæðinu, koma afgangsuúrgangi í förgun eða endurvinnslu, sem og að verið er að endurskipuleggja athafnasvæðið.**
2. Gr. 3.15 í starfsleyfi. Að minnsta kosti 1100 tonn af framleiðsluúrgangi (ónýtanlegum aukaafurðum) eru áætlaðar á lóð PCC en þær skulu að jafnaði ekki nema meiru en 900 tonnum á ári skv. ákvæðum starfsleyfisins. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila sinnir verktaki því verkefni að endurskipuleggja úrgang á athafnasvæði, ekkert nýtt efni fer inn á eldra geymslusvæði og unnið er af því að taka af eldri haug.**
3. Gr. 3.3 í starfsleyfi. . Ef nauðsynlegt er að geyma hráefni og framleiðsluvöru utandyra skal ganga þannig frá að ekki sé hætta á rykmengun eða annarri dreifingu mengunar, þar með talið í frárennsli. Haugur af timburkurli á hráefnasvæði rekstraraðila hefur dreift sér töluvert út fyrir hráefnasvæðið. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila er kurlið nú geymt á bunkersvæðum og haldið aðskildu frá öðrum geymslusvæðum. Unnið er að því að fjarlægja aðra hauga.**

**Eitt frávik kom fram í eftirliti nú er varðar:**

1. 2. mgr. gr. 2.4 í starfsleyfi. Við eftirlit stóð vatn og drulla á geymsluplani við þökkunarhús og stórsekkir með kísilryki, sem þar voru í tímabundinni geymslu, stóðu sumir hverjir í vatninu. Umhverfisstofnun fer fram á að rekstraraðili gangi þannig frá planinu að framangreint ástand á planinu endurtaki sig ekki, s.s. með fullnægjandi malar og drenlagi, bundnu yfirlagi eða á annan hátt sem stofnunin metur fullnægjandi.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir eftirfarandi:**

- **Tímasettri áætlun um úrbætur á fráviki er fram kom í eftirliti 23. október 2024.**
- **Uppfærðri tímasettri áætlun um úrbætur varðandi eldri frávik þar sem fram kemur:**
  - o **Sundurliðað yfirlit yfir magn framleiðsluúrgangs og annars úrgangs á athafnasvæði rekstraraðila.**
  - o **Tímarammi úrbóta þar sem fram koma tölulegar upplýsingar um hvaða árangri rekstraraðili hyggst ná í minnkun framleiðsluúrgangs og annars úrgangs á athafnasvæði sínu á hverju 6 mánaða tímabili. Þ.e.a.s tölulegum markmiðum fyrir 1. júní 2025, fyrir 31. desember 2025, fyrir 1. júní 2026 o.sv.frv.**

Umhverfisstofnun vill jafnframt vekja athygli á að elsta frávikið sem talið er hér að framan var fyrst sett í eftirliti 28. apríl 2021 og er því tæplega 4 ára gamalt. Í því samhengi vill stofnunin áréttá að stofnunin hefur heimild til beitingu þvingunarúrræða, sbr. XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt vill stofnunin minna á skyldur rekstraraðila, sbr. XI. kafla sömu laga.

**Umhverfisstofnun óskar í þessu samhengi eftir að áætlun er varðar framangreind atriði, sbr. og 58. grein reglugerðar nr. 550/2018, berist stofnuninni eigi síðar en 19. desember 2024.**

Virðingarfyllst

Sigríður Magnúsdóttir  
sérfræðingur

Frigg Thorlacius  
lögfræðingur